



Til allsherjarnefndar Alþingis
150 Reykjavík

Skorradal 9. desember 2009

Umsögn um 102 mál á 138 lp. 2009-2010:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis – þskj 108 (persónukjör).

Skorradalshreppur hefur farið yfir frumvarpið á þingskjali 108 og lýsir sig fylgjandi því svo fram komnu. Það er álit hreppsins að með frumvarpinu sé stigið skref í átt til aukins lýðræðis þar sem kjósendur fá tækifæri til að forgangsraða mönnum á þeim lista sem þeir kjósa.


Samhliða er á Alþingi sett fram á ný, frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (149. mál af sumarþingi) sem miðar að sama marki um forgangsröðun og frumvarpið á þskj. 108, þ.e. að kjósendur fái meira vald til að velja þá sveitarstjórnarfulltrúa sem þeir vilja helst að nái kjöri af þeim lista sem þeir veita atkvæði sitt.

Skorradalshreppur er á sama hátt fylgjandi því að áhrif kjósenda við sveitarstjórnarkosningar verði aukin í lýðræðisátt, eins og við val á þingmannsefnum.

Virðingarfyllt,



Davíð Pétursson, oddviti




Fjöla Benediktsdóttir, varaoddviti



Guðrún Guðmundsdóttir í hreppsnefnd



K. Húlða Guðmundsdóttir í hreppsnefnd



Pétur Davíðsson í hreppsnefnd

SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: grund@simnet.is